Lífeyrissjóður Rangæinga

# Ársreikningur 2014

Lífeyrissjóður Rangæinga
Suðurlandsvegi 3
850 Hella

Kennitala: 660472-0299

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7 |
| Sundurliðanir með ársreikningi | 14 |
| Kennitölur - Fimm ára yfirlit | 16 |

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR

### *Meginstarfsemi sjóðsins*

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum og tekur mið af fjölda sjóðfélaga sem þarf að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum. Fjöldi sjóðfélaga hjá sjóðnum hefur um nokkurra ára skeið verið hærri en lágmarkið, stjórn hefur þó metið það svo að rétt sé að viðhalda aðild að samkomulaginu.

### *Starfsemin á árinu*

Alls greiddu að meðaltali 897 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls um 398,7 milljónum kr. og hækkuðu um 19,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 207,8 milljónum kr. og hækkuðu um 13,3% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 545 að meðaltali á árinu og í árslok 2014 áttu 9.909 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 4,4 milljónum kr. á árinu 2014.

Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 4,23% á árinu samanborið við 4,43% raunávöxtun 2013. Ágæt niðurstaða borið saman við 3,5% viðmið skuldbindinga. Eignir sjóðsins í erlendri mynt eru einungis 6,71% af heildareignum sjóðsins sem verður að teljast lágt hlutfall.

Eignasafn sjóðsins stendur traustum fótum. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, í dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa og í innlánum.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

### *Hrein eign*

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2014 8.368,4 milljónum kr. og hefur hækkað á árinu úr 7.754,9 milljónum kr. eða um 613,5 milljónir kr.

### *Fjárhagsleg áhættustjórnun*

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur gert samning við Arion banka og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í árslok 2012. Árið 2014 er annað heila starfsárið í rekstri sjóðsins undir þessum formerkjum. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka. Arion banki leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Hellu, 27. apríl 2015

**Í stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga**

Óskar Pálsson, stjórnarformaður

Heimir Hafsteinsson

Eydís Indriðadóttir

Guðrún Elín Pálsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Þröstur Sigurðsson

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

**Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Rangæinga**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóð Rangæinga fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum***

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 27. apríl 2015

**Deloitte ehf.**

Pálína Árnadóttir
löggiltur endurskoðandi

# YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | 2 | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 123.395 | 104.566 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 257.776 | 217.862 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 25 | (1.097) | (5.822) |
| Sérstök aukaframlög | 26 | 18.623 | 17.364 |
| | | 398.697 | 333.970 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 10 | 202.831 | 178.377 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 11 | 4.930 | 4.921 |
| | | 207.761 | 183.298 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 3,12 | 62.677 | 128.400 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 3,13 | 407.883 | 545.340 |
| Breytingar á niðurfærslu | 14 | 0 | (25.517) |
| | | 470.560 | 648.223 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 27 | 26.587 | 33.422 |
| Önnur fjárfestingargjöld | | 5.286 | 2.468 |
| | | 31.873 | 35.890 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 27 | 21.753 | 27.345 |
| **Aðrar tekjur** | | | |
| Aðrar tekjur | 28 | 5.604 | 750 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 613.474 | 736.410 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 7.754.917 | 7.018.507 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 8.368.391 | 7.754.917 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 4,15,16 | 2.251.017 | 2.445.028 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 4,15 | 5.168.736 | 4.385.015 |
| | | 7.419.753 | 6.830.043 |
| **Kröfur** | 19 | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 5 | 50.437 | 49.132 |
| Aðrar kröfur | | 11.174 | 32.449 |
| | | 61.611 | 81.581 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 6,20 | 390 | 499 |
| Sjóður og veltiinnlán | 7,29 | 902.288 | 869.865 |
| | | 902.678 | 870.364 |
| **Eignir samtals** | | 8.384.042 | 7.781.988 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 15.651 | 27.071 |
| **Skuldir samtals** | | 15.651 | 27.071 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 8.368.391 | 7.754.917 |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | 2 | 406.631 | 317.155 |
| Fjárfestingartekjur | 3 | 113.091 | 92.165 |
| Afborganir verðbréfa | | 399.950 | 381.694 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 635.524 | 831.046 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 33.700 | 247.830 |
| Aðrar inngreiðslur | | 5.604 | 750 |
| | | 1.594.500 | 1.870.640 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 208.160 | 179.205 |
| Fjárfestingargjöld | | 5.286 | 2.468 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 47.217 | 53.776 |
| | | 260.662 | 235.449 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | | 1.333.838 | 1.635.191 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Keypt verðbréf með breytilegum tekjum | | 323.822 | 658.112 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 977.593 | 919.811 |
| | | 1.301.415 | 1.577.923 |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | | 32.423 | 57.268 |
| Sjóður og veltinnlán í ársbyrjun | | 869.865 | 812.597 |
| Sjóður og veltiinnlán í lok tímabilsins | | 902.288 | 869.865 |

# SKÝRINGAR

## REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 2. Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sjóðinn.

### 3. Fjárfestingartekjur

Vaxtatekjur eru af verðbréfum með fastar tekjur, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 4. Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2014.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2014. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

### 5. Kröfur á launagreiðendur

Kröfur eru færðar á nafnverði.

### 6. Skrifstofuáhöld og tölvubúnaður

Afskriftir skrifstofuáhalda og tölvubúnaðar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði.

Afskriftarhlutföll eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Skrifstofuáhöld ........................................ | 10% |
| Tölvubúnaður ........................................ | 20% |

## 7. Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

## 8. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

## 9. Áhættustjórnun

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Arion banka, samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Arion banki hf. annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

Engir framvirkir gjaldeyrissamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum.

## LÍFEYRIR

## 10. Lífeyrir greinist þannig

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 154.956 | 137.189 |
| Örorkulífeyrir | 41.022 | 37.472 |
| Makalífeyrir | 6.885 | 6.173 |
| Barnalífeyrir | 2.190 | 2.740 |
| | 205.053 | 183.574 |
| Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða | (2.222) | (5.196) |
| | 202.831 | 178.377 |

## 11. Kostnaður vegna örorkulífeyris greinist þannig

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaður vegna örorkumats | 3.686 | 3.915 |
| VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður | 1.245 | 1.006 |
| | 4.930 | 4.921 |

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur skulu greiða til starfsendurhæfingarsjóðs 0,13% af iðgjaldsstofni. Upptaka gjaldsins hófst þann 1. október 2012.

# SKÝRINGAR

## FJÁRFESTINGARTEKJUR

### 12. Tekjur af eignarhlutum greinast þannig

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Arður af innlendum hlutabréfum | 64.396 | 33.857 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | (1.719) | 94.543 |
| | 62.677 | 128.400 |

### 13. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Verðbréfasjóðir | 120.247 | 153.344 |
| Skuldabréf | 239.834 | 355.414 |
| Bankainnstæður | 42.776 | 34.964 |
| Dráttarvextir af iðgjöldum | 5.027 | 1.618 |
| | 407.883 | 545.340 |

### 14. Breyting á niðurfærslu

Engin breyting er á varúðarniðurfærslu og endanlegum afskriftum í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna ársins 2014. Niðurfærsla vegna ársins 2013 var 25,5 milljóna kr. gjaldfærsla.

Aðferð við útreikning niðurfærslu verðbréfaeignar tekur mið af sértækri niðurfærslu eigna með tapsáhættu.

## FJÁRFESTINGAR

### 15. Verðbréf greinast þannig

| **Verðbréf með breytilegum tekjum** | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréfaeign | 328.496 | 138.345 |
| Innlendir hlutabréfasjóðir | 927.348 | 818.444 |
| Innlendir skuldabréfasjóðir | 664.889 | 1.186.074 |
| Erlend hlutabréfaeign | 16.356 | 20.965 |
| Erlendir hlutabréfasjóðir | 276.425 | 226.426 |
| Erlendir skuldabréfasjóðir | 37.503 | 54.774 |
| | 2.251.017 | 2.445.028 |

| **Verðbréf með föstum tekjum** | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Innlend húsnæðisbréf og ríkisbréf | 4.275.118 | 3.646.732 |
| Erlend ríkisbréf | 51.457 | 46.645 |
| Innlend bankabréf | 185.605 | 125.621 |
| Innlend skuldabréf | 540.720 | 461.014 |
| Erlend skuldabréf | 115.836 | 105.003 |
| | 5.168.736 | 4.385.015 |

Bókfært virði skuldabréfa sjóðsins er áætlað 5.169 milljónir kr. í árslok 2014. Þar af eru skuldabréf útgefin af Búnaðarbanka Íslands hf. (með ríkisábyrgð) metin á 653,4 milljónir kr. Í lok árs 2013 var bókfært virði skuldabréfa áætlað 4.385 milljónir kr. Þar af voru skuldabréf útgefin af Búnaðarbanka Íslands hf. (með ríkisábyrgð) metin á 732,3 milljónir kr.

## 16. Hlutabréfaeign greinist þannig

Skráð hlutabréf eru færð til eignar á markaðsverði í árslok 2014 en óskráð hlutabréf á nafnverði eða uppfærðu kaupvirði. Hlutabréf í Verkalýðshúsinu ehf. eru færð niður um 50%, sbr. skýringu nr. 23.

| **Innlend hlutabréfaeign** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Skráð hlutabréf: | | |
| Hagar hf. | 12.195 | 29.978 |
| Reginn hf. | 6.312 | 39.134 |
| Vátryggingafélag Íslands | 34.540 | 0 |
| Icelandair Group hf | 21.571 | 0 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf | 14.766 | 0 |
| N1 hf. | 0 | 228 |
| | 89.384 | 69.340 |
| Óskráð hlutabréf: | | |
| Verkalýðshúsið ehf. | 25.877 | 25.877 |
| IEI slhf. | 39.521 | 23.396 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. | 7.500 | 7.500 |
| Skipti hf. | 4.661 | 5.642 |
| Stoðir hf | 3.809 | 3.809 |
| Advania hf. | 1.763 | 2.003 |
| Reiknistofa lífeyrissjóða | 1.332 | 718 |
| Framtakssjóður Íslands GB slhf. | 42 | 42 |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf. | 18 | 18 |
| Hampiðjan hf. | 38.307 | 0 |
| Reitir fasteignafélag hf | 62.546 | 0 |
| Veðskuld II slhf | 14.881 | 0 |
| HSV eignarhaldsfélag slhf. | 25.000 | 0 |
| SF VI slhf | 13.500 | 0 |
| Bakkastakkur slhf | 357 | 0 |
| | 239.113 | 69.005 |
| Innlend hlutabréfaeign samtals | 328.496 | 138.345 |
| **Erlend hlutabréfaeign** | | |
| Skráð hlutabréf: | | |
| Bank Nordic | 16.356 | 20.965 |
| Innlend og erlend hlutabréfaeign samtals | 344.852 | 159.310 |

## 17. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum greinast þannig

| | | |
|---|---|---|
| EUR | 272.188 | 254.030 |
| USD | 209.033 | 178.817 |
| DKK | 16.356 | 20.965 |
| | 497.578 | 453.812 |

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

| | | |
|---|---|---|
| Eignir í erlendum gjaldmiðli | 6,71% | 6,65% |
| Eignir í íslenskum krónum | 93,29% | 93,35% |
| | 100,00% | 100,00% |

## 18. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og árslokagengi var eftirfarandi:

| | | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Mynt** | **2014** | **2013** | **2014** | **2013** |
| Evra........................................................ | EUR | 154,43 | 161,93 | 153,84 | 158,06 |
| Bandaríkjadollar....................................... | USD | 116,47 | 121,94 | 126,60 | 114,76 |
| Sterlingspund........................................... | GBP | 191,70 | 190,76 | 197,18 | 189,75 |
| Dönsk króna............................................. | DKK | 20,71 | 21,71 | 20,66 | 21,19 |

## KRÖFUR

## 19. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda í árslok 2014 námu 50,4 milljónir kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Mat þeirra byggist á framkomnum skilagreinum vegna ársins 2014. Í árslok 2013 námu kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda 49,1 milljón króna.

| **Aðrar kröfur greinast þannig** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Áfallnir vextir ........................................................................................................ | 0 | 801 |
| Framtakssjóður Íslands slhf. (FSÍ) - ógreiddur arður ................................................ | 0 | 21.059 |
| Krafa vegna endurgreiddrar umsýsluþóknunar ........................................................ | 5.697 | 5.228 |
| Krafa vegna örorkusamkomulags ............................................................................ | 5.152 | 5.196 |
| Aðrar viðskiptakröfur .............................................................................................. | 325 | 165 |
| | 11.174 | 32.449 |

## AÐRAR EIGNIR

## 20. Aðrar eignir

**Skrifstofuáhöld, tölvubúnaður og afskriftir greinast þannig**

| | **Skrifstofu-áhöld** | **Tölvu-búnaður** | **Samtals 2014** | **Samtals 2013** |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2014........................................................ | 1.456 | 468 | 1.924 | 3.653 |
| Heildarverð 31.12.2014..................................................... | 1.456 | 468 | 1.924 | 3.653 |
| | | | | |
| Afskrifað áður................................................................... | 1.023 | 402 | 1.424 | 2.027 |
| Afskrifað á árinu.............................................................. | 73 | 37 | 110 | 1.126 |
| Afskrifað samtals.............................................................. | 1.096 | 438 | 1.534 | 3.153 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12.2014 ................................................ | 360 | 30 | 390 | 499 |

## TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

### 21. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2015 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2014. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að heildarskuldbindingar sjóðsins næmu 1.234,2 milljónum kr. umfram eignir sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda miðað við árslok 2014.

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 8.368.400 | 0 | 8.368.400 |
| Fjárfestingargjöld | (680.100) | 0 | (680.100) |
| Endurmat | 3.900 | 0 | 3.900 |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 6.078.600 | 6.078.600 |
| Eignir samtals | 7.692.200 | 6.078.600 | 13.770.800 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Ellilífeyrir | 6.735.500 | 4.677.900 | 11.413.400 |
| Örorkulífeyrir | 919.800 | 1.263.000 | 2.182.800 |
| Makalífeyrir | 480.200 | 253.100 | 733.300 |
| Barnalífeyrir | 8.900 | 110.200 | 119.100 |
| Rekstrarkostnaður | 220.800 | 335.600 | 556.400 |
| Skuldbindingar samtals | 8.365.200 | 6.639.800 | 15.005.000 |
| **Skuldbindingar umfram eignir** | (673.000) | (561.200) | (1.234.200) |
| **Hlutfall skuldbindinga umfram eignir** | (8,0%) | (8,5%) | (8,2%) |

## ÖNNUR MÁL

### 22. Eignarhlutur í Framtakssjóði Íslands slhf. (FSÍ)

Eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. er færð á nafnverði og er hún metin á 130,4 milljónir kr. í eignasafni sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Framtakssjóði Íslands slhf. þá er bókfært virði eignarhluta félagsins um 21,8 milljarðar kr. Jafnframt kemur fram að áætlað gangvirði sömu eignarhluta sé um 37,0 milljarðar kr. Ef tekið er mið af áætluðu gangvirði félagsins má ætla að endurmetin eign Lífeyrissjóðs Rangæinga í Framtakssjóði Íslands slhf. nemi rúmlega 216,6 milljónum kr.

### 23. Eignarhlutur í Verkalýðshúsinu

Í maí 2011 var stofnað félag um eignarhlut Verkalýðshússins í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. Eignarhlutur Lífeyrissjóðs Rangæinga í Suðurlandsvegi 3 og millibyggingu sem bókfærður var á 31,8 milljónir kr. var lagður sem hlutafjárframlag til Verkalýðshússins ehf., en það félag á síðan 31% hlut í Suðurlandsvegi 1-3 ehf.

Eignarhlutur lífeyrissjóðsins í Verkalýðshúsinu ehf. er að nafnverði 51,8 milljónir kr. Í ársreikningi lífeyrissjóðsins fyir árið 2011 voru hlutabréf í Verkalýðshúsinu ehf. færð niður um 50% og eru þau því bókfærð á 25,9 milljónir kr. í árslok 2014.

## 24. Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er 5,2 milljónir kr. og er hún tilkomin vegna áranna 2013 og 2014.

| | **2014** |
|---|---|
| Örorkubótasamkomulag vegna 2014 ........ | 2.195 |
| Örorkubótasamkomulag vegna 2013 ........ | 2.957 |
| | 5.152 |

## 25. Réttindaflutningur og endurgreiðslur greinast þannig

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Réttindaflutningur til sjóðsins | 468 | 164 |
| Réttindaflutningur frá sjóðnum | (1.490) | (1.378) |
| Endurgreidd iðgjöld | (75) | (4.608) |
| | (1.097) | (5.822) |

## 26. Sérstök aukaframlög

| | | |
|---|---|---|
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 18.623 | 17.364 |

## 27. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig

**Laun og launtengd gjöld**

| | | |
|---|---|---|
| Laun starfsmanna | 0 | 649 |
| Stjórnarlaun | 4.373 | 4.059 |
| Ökutækjastyrkur | 415 | 435 |
| Dagpeningar | 0 | 40 |
| Tryggingagjald | 390 | 424 |
| Lífeyrisiðgjöld | 356 | 383 |
| Félagsgjöld | 0 | 5 |
| | 5.533 | 5.995 |

**Stjórnarlaun**

| | | |
|---|---|---|
| Heimir Hafsteinsson | 1.040 | 1.037 |
| Óskar Pálsson | 1.321 | 802 |
| Eydís Þorbjörg Indriðadóttir | 766 | 461 |
| Guðrún Elín Pálsdóttir | 486 | 0 |
| Már Guðnason | 280 | 737 |
| Guðmundur Einarsson | 270 | 150 |
| Árni Þorgilsson | 210 | 150 |
| Þorgils Torfi Jónsson | 0 | 414 |
| Árný Hrund Svavarsdóttir | 0 | 153 |
| Guðmundur Svavarsson | 0 | 123 |
| Pétur Magnússon | 0 | 31 |
| | 4.373 | 4.059 |

**Annar kostnaður**

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Umsýslukostnaður | 33.747 | 41.831 |
| Sími og burðargjöld | 102 | 220 |
| Ritföng, pappír og prentun | 0 | 165 |
| Fundakostnaður | 272 | 323 |
| Námskeið | 0 | 151 |
| Auglýsingar | 10 | 150 |
| Tölvukostnaður og aðkeypt tölvuþjónusta | 266 | 921 |
| Endurskoðun og reikningagerð | 979 | 2.294 |
| Tryggingafræðileg og lögfræðileg aðstoð | 1.779 | 1.589 |
| Tryggingar | 238 | 144 |
| Gjald til Fjármálaeftirlitsins | 2.214 | 2.214 |
| Árgjald til Landssamtaka lífeyrissjóða | 314 | 290 |
| Lífeyrisúrskurðir | 1.632 | 1.305 |
| Húsnæðiskostnaður | 1.034 | 1.473 |
| Afskriftir skrifstofuáhalda og tölvubúnaðar | 110 | 1.126 |
| Ýmiss kostnaður | 112 | 575 |
| | 42.807 | 54.772 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals | 48.340 | 60.767 |
| Fjárfestingargjöld 55% | 26.587 | 33.422 |
| Rekstrarkostnaður 45% | 21.753 | 27.345 |
| | 48.340 | 60.767 |

## 28. Aðrar tekjur greinast þannig

| | | |
|---|---|---|
| Endurheimt skiptatrygging | 5.604 | 750 |

## 29. Bankainnstæður greinast þannig

| | | |
|---|---|---|
| Arion banki hf. | 894.256 | 579.061 |
| Landsbankinn hf. | 39 | 259.610 |
| Íslandsbanki hf. | 7.993 | 7.749 |
| Straumur fjárfestingabanki hf. | 0 | 23.445 |
| | 902.288 | 869.865 |

## 30. Kennitölur úr rekstri og efnahag, fimm ára yfirlit

| | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Hrein raunávöxtun | 4,23% | 4,43% | 5,30% | 3,20% | 9,30% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár | 5,27% | 3,98% | 0,30% | (0,50%) | 0,50% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 24,65% | 32,19% | 35,30% | 35,60% | 39,40% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 58,65% | 52,37% | 47,00% | 44,30% | 40,50% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 5,68% | 3,59% | 3,70% | 4,40% | 1,40% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 11,01% | 11,85% | 14,00% | 15,70% | 18,70% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 93,29% | 93,35% | 94,50% | 94,00% | 94,00% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 6,71% | 6,65% | 5,50% | 6,00% | 6,00% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Heildarfjöld sjóðfélaga með réttindi | 9.909 | 9.601 | 9.285 | 9.086 | 8.883 |
| Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 897 | 925 | 879 | 860 | 836 |
| Meðaltal fjölda lífeyrisþega | 545 | 508 | 500 | 465 | 454 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 75,57% | 74,73% | 74,10% | 74,30% | 73,80% |
| Örorkulífeyrir | 20,01% | 20,41% | 20,60% | 19,60% | 19,90% |
| Makalífeyrir | 3,36% | 3,37% | 4,00% | 4,80% | 5,10% |
| Barnalífeyrir | 1,07% | 1,49% | 1,30% | 1,30% | 1,20% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Heildarskuldbindingar umfram hreina eign | (8,23%) | (7,50%) | (6,20%) | (5,10%) | (3,70%) |
| Áfallnar skuldbindingar umfram hreina eign | (8,05%) | (5,80%) | (4,40%) | (3,30%) | (0,60%) |

# ÚTREIKNINGUR KENNITALNA

| Tryggingadeild | | 2014 |
|---|---|---|
| Fjárfestingartekjur nettó (þ.e. fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld) ........ | F | 438.687.000 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (þ.e. rekstrarkostnaður) ........ | K | 21.753.000 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun ........ | A | 7.754.916.503 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok ........ | B | 8.368.390.503 |

i=2(F-K)/(A+B-(F-K))

| | |
|---|---|
| i = nafnávöxtun = ........ | 5,3% |

| | |
|---|---|
| Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2014 ........ | 416,7 |
| Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2015 ........ | 421,0 |
| j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar ........ | 1,0% |

r = ((1+i)/(1+j))-1

| | |
|---|---|
| r = hrein raunávöxtun ........ | 4,23% |

| | | |
|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun ........ | 2013 | 4,43% |
| Hrein raunávöxtun ........ | 2012 | 5,30% |
| Hrein raunávöxtun ........ | 2011 | 3,20% |
| Hrein raunávöxtun ........ | 2010 | 9,30% |
| Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar ........ | | 5,27% |